From: Sigurður Ármann Snævarr <sigurdur.snaevarr@samband.is>
Sent: þriðjudagur, 9. febrúar 2021 17:17
Subject: Staðgreiðslan í janúar

Góðan daginn
Eins og sveitarfélögin hafa tekið eftir hefur staðgreiðslan núna í janúar verið miklu hærri en hún var á sama tíma í fyrra. Nemur hækkunin 24% að meðaltali. Á fundi samráðsnefndar um opinber fjármál kom fram að um ofgreiðslu væri að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslunni má rekja þetta til frestana á greiðslu opinberra gjalda sem heimilaðar voru með lögum í mars 2020. Í desember sl. greiddi Fjársýslan sveitarfélögum fyrirfram 3,1 ma.kr. upp i endanlegt uppgjör. Endanlegt uppgjör frestaðra greiðslna var 15. janúar og komu því verulegar fjárhæðir til greiðslu á fyrst vikum ársins. Fjársýslan greiddi sveitarfélögum þessar fjárhæðir þótt þær hefðu verið greiddar þegar í desember. Á þessari stundu er ekki ljóst hvernig Fjársýslan hyggst leiðrétta ofgreiðsluna. Fjársýslan er að yfirfæra hvernig best er að haga uppgjöri og skilagreinum til sveitarfélaga þannig að staðan sé skýr á hverjum tíma. Von er á niðurstöðu í þessari viku.

Sambandið hefur fylgst með þróun staðgreiðslunnar og hefur kallað eftir greinargerðum og skýringum. Málið verður tekið upp á fundi Jónsmessunefndar á morgun og er þá von til þess að málið skýrist enn betur.

Kv. Sigurður

Sigurður Snævarr
sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs
Beint innval: 515 4922
Netfang: sigurdur.snaevarr@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.